

Þjónusta við börn með geðrænan vanda, fötlun eða aðra sérstöðu

Spurningar til stjórn málaflokka sem bjóða sig fram til Alþingis í kosningum 2017

Kæra stjórn málafólk

Fyrir síðustu alþingiskosningar sendi þrýstihópur um bættu þjónustu við börn spurningar til allra stjórn málaflokka sem buðu fram til Alþingis. Ýmislegt hefur gerst á síðasta ári, m.a. eru komnar niðurstöður úttektar sem gerð var á vegum Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar og teljum við því mikilvægt að fá aftur svör við þessum spurningum.

Hópnum er umhugað um að málum verði fylgt fast eftir og óskar þess þar af leiðandi af ykkur að þið gefið ykkur tíma til að svara neðangreindum spurningum sem allar varða málefnið með beinum eða óbeinum hætti.

Við óskum þess að fá svör á netfangið samfok@samfok.is fyrir þann 17. október. Svörin sem berast verða birt almenningi svo fólki gefist kostur á að sjá hver sjónarmið ykkar eru varðandi málefnið.

Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hvað ætlar þinn flokkur að gera til að tryggja að hér á landi sé menntastefnunni um skóla án aðgreiningar raunverulega framfylgt?
2. Það er á ábyrgð ríkis að verkefnum sem falin eru sveitarfélögum fylgi fjármagn. Hvernig ætlar þinn flokkur að tryggja að það fjármagn sem þarf til að reka skóla án aðgreiningar verði veitt frá ríki til sveitarfélaga?
3. Í ljósi þess að öll þjónusta á að vera til staðar í skóla án aðgreiningar, er mikilvægt að þar sé nóg af vel menntuðu starfsfólki til að mæta margbreytilegum þörfum allra nemenda (t.d. grunnskólakennarar, sérkennarar, talmeinafræðingar, náms- og starfsráðgjafar, þroskaþjálfar). Hvaða leiðir sér þinn flokkur í að fjölga fagmenntuðum innan hvers skóla?
4. Að mati hópsins þarf verulega að bæta aðbúnað og aðstöðu í skólum til þess að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar, sbr. það sem fjallað er um í spurningu 3. Má til að mynda nefna húsrúm fyrir sérúrræði innan skólanna. Hvernig sér þinn flokkur fyrir sér að hægt sé að bæta þá þætti innan skóla án aðgreiningar?
5. Hver er stefna flokksins í geðheilbrigðismálum og þá sérstaklega þegar horft er til geðheilbrigðismála barna og ungmenna?
6. Hver er stefna flokksins í málefnum stofnana sem koma að málum barna með sérþarfir svo sem Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, BUGL og Þroska- og hegðunarstöð. Hvernig hyggst þinn flokkur hafa áhrif á að biðlistum verði útrýmt?

Með von um góð viðbrögð og kærar þakkir,

SAMFOK, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, ADHD samtökin, Einhverfusamtökin, Heimili og skóli, Landssamtökin Þroskahjálp, Olnbogabörn, SAMLEIK, Sjónarhóll, Tourette-samtökin, Umhyggja – félag langveikra barna, UNICEF á Íslandi.